

Ályktunartillögur stjórnar Klappa Grænna Lausna hf.

fyrir hluthafafund félagsins þann 22. desember 2025.

Dagskrárliður 2

Tillaga um lækkun hlutafjár og ráðstöfun yfirverðsreiknings hlutafjár

Stjórn leggur til að hluthafafundur samþykki lækkun hlutafjár að nafnverði kr. 67.295.203 og að lækkuninni verði allri ráðstafað til jöfnunar taps fyrri ára, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Tillagan felur í sér að lækka hlutafé félagsins úr kr. 140.153.700 í kr. 72.858.497. Þá felur tillagan jafnframt í sér að yfirverðsreikningi hlutafjár kr. 478.199.200 verði ráðstafað til jöfnunar taps, þ.e. á móti neikvæðu óráðstöfuðu eigin fé félagsins, sbr. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samtals verður kr. 545.494.403 ráðstafað til að jafna óráðstafað eigið fé félagsins. Tillagan er sett fram með fyrirvara um að tillögur stjórnar í dagskrárliðum 3-6 verði samþykktar í kjölfarið.

Hlutafé félagsins skiptist í þrjá flokka og skulu flokkar hlutafjár lækka í jöfnum innbyrðis hlutföllum. Verði tillagan samþykkt munu 3.1, 4.1 og 4.2 gr. samþykktta félagsins taka breytingu og eftirleiðis hljóða svo:

3.1 gr.

„Heildarhlutafé félagsins er kr. 72.858.497 (krónur sjötíu og tvær milljónir átta hundruð fimmtíu og átta þúsund fjögur hundruð níutíu og sjö) sem skiptist í þrjá hlutaflokka í samræmi við greinar 4.1, 4.2 og 4.3 hér á eftir.“

4.1 gr.

„Útgefið hlutafé í A-flokki hlutabréfa er kr. 25.992.356 (krónur tuttugu og fimm milljónir níu hundruð níutíu og tvö þúsund þrjú hundruð fimmtíu og sex).“

Eftirfarandi gildir um A-flokk hlutabréfa:

- a) Eigendur A-flokks hlutabréfa fara með 10 (tíu) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnvirði ein króna (1 kr.) á hluthafafundum félagsins.*
- b) Hluthafar í A-flokki hlutabréfa eiga gagnkvæman forkaupsrétt að hlutabréfum í A-flokki. Um forkaupsréttarreglur gilda almennar reglur hlutafélagalaga.*
- c) Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsreglum, né heldur framsal hluthafa á hlutabréfum til félags í meirihlutaeigu hans.“*

4.2 gr.

„Útgefið hlutafé í almennum B-flokki hlutabréfa er kr. 46.866.141 (krónur fjörutíu og sex milljónir átta hundruð sextíu og sex eitt hundrað fjörutíu og ein).“

Eftirfarandi gildir um B-flokk hlutabréfa:

- a) *Eigendur B-flokks hlutabréfa fara með 1 (eitt) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnvirði ein króna (1 kr.) á hluthafafundum félagsins.*
- b) *Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í B-flokki hlutabréfa.”*

Greinargerð:

Tillaga þessi er lögð fram með það fyrir augum að fækka útistandandi hlutum í félaginu og jafna tap félagsins á fyrri árum. Engar breytingar verða á atkvæðisrétti eða rétti til arðgreiðslna með framangreindri lækkun. Lækkunin hefur ekki áhrif á þá áskriftar- og kaupréttarsamninga sem félagið er aðili að og verða slíkir samningar uppfærðir til samræmis við breyttan fjölda útistandandi hluta í félaginu, sbr. dagskrárliði 4-6. Tekið skal fram að lækkun hlutafjár fylgir engin útgreiðsla til hluthafa og lækkunin mun ekki hafa nein áhrif á eigið fé félagsins. Þar sem engin hlutabréf í C-flokki hlutafjár hafa verið gefin út, er engin lækkun gerð á fjárhæð útgefins hlutafjár sem tilgreind er í 4.3 gr. samþykka félagsins.

Dagskrárliður 3

Tillaga um breytingu á nafnverði hlutafjár úr íslenskum krónum í evrur og breytingu á nafnvirði hvers hlutar

Verði tillaga í dagskrárlið 2 samþykkt, þar sem hlutafé félagsins er lækkað, leggur stjórn til að hluthafafundur samþykki að nafnverði hlutafjár félagsins verði breytt úr íslenskum krónum í evrur, sbr. heimild í 2. málsl. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, og að nafnvirði hvers hlutar verði breytt úr 1 kr. í 10 evrusent. Félagið hefur þegar fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli fyrir 2025.

Verði tillagan samþykkt, mun félagið nýta eigin hluti til að námunda B-hluthafa upp í heilan hlut. Eftirstandandi eigin hlutir félagsins verða 39.969 talsins. Nafnverð hlutafjár í félaginu mun þar með breytast úr fjárhæð kr. 72.858.497, eins og því var breytt með dagskrárlið 2, í EUR 506.313 á viðmiðunargenginu 143,9 kr./evra. Hlutafé félagsins er umreiknað í evrur í samræmi við heimild í 4. málsl. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Ársreikningur vegna ársins 2025 verður gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsstaðla (IFRS) og hlutaféð umreiknað á gengi sem er árslokagengi 2024. Umreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsstaðalinn IAS 21.

Hlutafé félagsins skiptist í þrjá flokka og skulu flokkar hlutafjár lækka í jöfnum innbyrðis hlutföllum til samræmis við breytingu úr íslenskum krónum í evrur. Þá skulu ákvæði þau er vísa til nafnvirði hluta taka breytingu til samræmis við að hver hlutur sé 10 evrusent. Verði tillagan samþykkt munu 3.1, 3.2, 4.1, 4.2, 4.3, 9.1, 9.2 og 9.3 gr. samþykka félagsins taka breytingu og eftirleiðis hljóða svo:

3.1 gr.

„Heildarhlutafé félagsins er EUR 506.313 (evrur fimm hundruð og sex þúsund þrjú hundruð og þrettán) sem skiptist í þrjá hlutaflokka í samræmi við greinar 4.1, 4.2 og 4.3 hér á eftir.“

3.2 gr.

„Hver hlutur í félaginu nemur tíu evrusent (EUR 0,1) að nafnverði.“

4.1 gr.

„Útgefið hlutafé í A-flokki hlutabréfa er EUR 180.628 (evrur eitt hundrað og áttatíu þúsund sex hundruð tuttugu og átta).

Eftirfarandi gildir um A-flokk hlutabréfa:

- a) Eigendur A-flokks hlutabréfa fara með 10 (tíu) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnvirði 10 evrusent (0,1 evra) á hluthafafundum félagsins.
- b) Hluthafar í A-flokki hlutabréfa eiga gagnkvæman forkaupsrétt að hlutabréfum í A-flokki. Um forkaupsréttarreglur gilda almennar reglur hlutafélagalaga.
- c) Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsreglum, né heldur framsal hluthafa á hlutabréfum til félags í meirihlutaeigu hans.“

4.2. gr.

„Útgefið hlutafé í almennum B-flokki hlutabréfa er EUR 325.685 (evrur þrjú hundruð tuttugu og fimm þúsund sex hundruð áttatíu og fimm).

Eftirfarandi gildir um B-flokk hlutabréfa:

- a) Eigendur B-flokks hlutabréfa fara með 1 (eitt) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnvirði 10 evrusent (0,1 evra) á hluthafafundum félagsins.
- b) Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í B-flokki hlutabréfa.“

4.3 gr.

„Útistandandi hlutabréf í C-flokki eru sem stendur engin.

Eftirfarandi gildir um C-flokk hlutabréfa:

- a) Eigendur C-flokks hlutabréfa fara með 10 (tíu) atkvæði fyrir hvern hlut að nafnvirði 10 evrusent (0,1 evra) á hluthafafundum félagsins.
- b) Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í C-flokki hlutabréfa.
- c) Hlutabréf í C-flokki eru umbreytanleg í hluti í B-flokki, 10 evrusent fyrir 10 evrusent að nafnvirði, að ósk hluthafa eftir ákvæðum samþykktu þessara. Hluthafi sem vill nýta þennan breytirétt skal senda félaginu skriflega tilkynningu þess efnis og hefur félagið sextíu (60) daga frá því að félaginu barst tilkynning, til að framkvæma breytinguna.“

9.1 gr.

„Á hluthafafundum fylgja tíu (10) atkvæði hverjum 10 evrusentum í A-flokki hlutabréfa.“

9.2 gr.

„Á hluthafafundum fylgir eitt (1) atkvæði hverjum 10 evrusentum í B-flokki hlutabréfa.“

9.3 gr.

„Á hluthafafundum fylgja tíu (10) atkvæði hverjum 10 evrusentum í C-flokki hlutabréfa.“

Greinargerð:

Tillaga þessi er lögð fram með það fyrir augum að breyta nafnvirði hlutafjár félagsins úr íslenskum krónum í evrur og nafnvirði hluta úr einni krónu í tíu evrusent. Jafnframt munt félagið fækka eigin

hlutum. Engar breytingar verða á atkvæðisrétti eða rétti til arðgreiðslna með framangreindum breytingum. Breytingin hefur ekki áhrif á þá áskriftar- og kaupréttarsamninga sem félagið er aðili að og verða slíkir samningar uppfærðir til samræmis við breyttan fjölda og gjaldmiðil útistandandi hluta í félaginu, sbr. dagskrárliði 4-6. Tekið skal fram að breytingunni fylgir engin útgreiðsla til hluthafa, aðra en námundun á öllum hlutum hluthafa í B-flokki hlutabréfa upp í heilan hlut og mun hún ekki hafa nein áhrif á eigið fé félagsins.

Dagskrárliður 4

Tillaga um breytingu á almennri heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar

Verði tillögur í dagskrárliðum 2-3 samþykktar, leggur stjórn til við hluthafafund breytingu á almennri heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar úr íslenskri krónu í evrur og hlutfallslega lækkun til samræmis við áður samþykktar breytingar. Verði tillagan samþykkt mun 5.2 gr. samþykktá félagsins taka breytingu og eftirleiðis hljóða svo:

5.2 gr.

„Aðalfundur félagsins, haldinn 13. apríl 2021, samþykkti heimild til stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutafé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að EUR 207.488 (evrur tvö hundruð og sjö þúsund fjögur hundruð átta tíu og átta) sem nemur hlutfallslegum eftirstöðvum 50 milljón kr. hækkunarheimildar frá aðalfundi 2020 eins og hún hefur verið nýtt að hluta og að teknu tilliti til heimildar vegna kaupréttakerfis sbr. nú gr. 5.3, og eins og heimildinni var breytt á hluthafafundi 22. desember 2025, og gildir sú heimild í 5 ár frá samþykkt aðalfundar 2023. Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Um hlutina gilda ákvæði samþykktá félagsins eftir því sem við á. Hlutirnir veita rétt í félaginu þegar þeir hafa verið greiddir. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.“

Dagskrárliður 5

Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar vegna kaupréttakerfis

Verði tillögur í dagskrárliðum 2-3 samþykktar, leggur stjórn til við hluthafafund breytingu á heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar vegna kaupréttaráætlunar félagsins úr íslenskri krónu í evrur og hlutfallslega lækkun til samræmis við áður samþykktar breytingar. Öllum útistandandi kaupréttarsamningum verður breytt til samræmis. Verði tillagan samþykkt mun 5.3 gr. samþykktá félagsins taka breytingu og eftirleiðis hljóða svo:

5.3 gr.

„Til viðbótar almennri hækkunarheimild stjórnar í gr. 5.2. samþykkti aðalfundur félagsins, haldinn 13. apríl 2021, einnig heimild til stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutafé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að EUR 97.397 (evrur níutíu og sjö þúsund þrjú hundruð níutíu og sjö) og gildir sú heimild í 5 ár frá samþykkt aðalfundar 2021, eins og heimildinni var breytt á hluthafafundi 22. desember 2025.“

Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Heimildinni er ætlað að gera stjórn félagsins kleift að mæta skuldbindingum félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem byggja á kaupréttaráætlun þess sem samþykkt var þann 23. nóvember 2016. Um hlutina gilda ákvæði samþykkt félagsins eftir því sem við á. Hlutirnir veita rétt í félaginu þegar þeir hafa verið greiddir. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.“

Dagskrárliður 6

Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda, heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar og heimild til kaupa á eigin bréfum

Verði tillögur í dagskrárliðum 2-3 samþykktar, leggur stjórn til við hluthafafund breytingu á heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda, heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar og heimild til kaupa á eigin hlutum úr íslenskri krónu í evrur og hlutfallslega lækkun til samræmis við áður samþykktar breytingar.

Verði tillagan samþykkt munu 5.4 og 5.5 gr. samþykktanna og viðauki við samþykktir félagsins vegna heimildar til kaupa á eigin bréfum sbr. 14. gr. samþykkt félagsins taka breytingu og eftirleiðis hljóða svo:

5.4 gr.

„Hluthafafundur félagsins, haldinn 5. nóvember 2025, samþykkti heimild til stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutafé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að EUR 145.935 og gildir sú heimild í 5 ár frá samþykkt hluthafafundarins, eins og heimildinni var breytt á hluthafafundi 22. desember 2025. Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Heimildinni er ætlað að gera stjórn félagsins kleift að mæta skuldbindingum félagsins er varða rétt hluthafa til þess að umbreyta hlutum í C-flokki, skv. gr. 5.5, yfir í hluti í B-flokki. Um hlutina gilda ákvæði samþykkt félagsins eftir því sem við á. Einungis má greiða fyrir hlutina með hlutum í C-flokki, er samsvara nafnvirði þeirra hluta í B-flokki (10 evrusent fyrir 10 evrusent) sem gefnir eru út á grundvelli hækkunarheimildarinnar. Hlutirnir í B-flokki veita rétt í félaginu þegar viðkomandi hlutir í C-flokki hafa verið afhentir á skrifstofu félagsins. Stjórn félagsins skal tilkynna hækkunina á hlutum í B-flokki, sem og aðrar breytingar sem gerðar eru á samþykktum félagsins í tengslum við hækkunina, til hlutafélagaskrár, þ.m.t. varðandi lækkun á samsvarandi nafnverði þeirra hluta í C-flokki sem umbreytt hefur verið í hluti í B-flokki. Skal félaginu heimilt að kaupa umrædd hlutabréf í C-flokki og stjórn að hlutast til um lækkun hlutafjár af því tilefni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.“

5.5 gr.

„Stjórn félagsins er heimilt að ákveða útgáfu framseljanlegra áskriftarréttinda til NEFCO, sem lánveitanda félagsins. Í framangreindum tilgangi skal stjórn vera heimilt að ákveða hækkun á hlutafé félagsins, bæði í B-flokki og í nýjum C-flokki hlutafjár, til samræmis við útgefin áskriftarréttindi og eins og heimildinni var breytt á hluthafafundi 22. desember 2025. Eigendur hlutabréfa í C-flokki fara með sama atkvæðavægi á hluthafafundum og eigendur í A-flokki hlutabréfa. Réttindi eigenda hlutabréfa í C-flokki eru að öllu leyti hin sömu og réttindi í A-flokki að því undanskildu að hlutabréfum í C-flokki skal unnt að

umbreyta í hlutabréf í B-flokki, 10 evrusent fyrir 10 evrusent, að ósk hluthafa eftir ákvæðum samþykktu þessara og þau lúta ekki ákvæðum um forkaupsrétt við sölu á hlutabréfum. Frestur til notkunar á heimildinni er til 1. október 2026.

Hámarkshlutaftjárhækkun til þess að mæta útgefnum áskriftarréttindum skal einungis nema C-hlutum, verði áskriftarréttindi nýtt fyrir skráningu félagsins, eins og hún er skilgreind í áskriftarsamning, eða einungis B-hlutum, verði áskriftarréttindi nýtt eftir skráningu félagsins. Fjöldi hluta vegna hækkunar skv. gr. 5.4 og 5.5 verður að hámarki 1.459.350 hlutir samanlagt. Hluthafar hafa ekki forgangsrétti að áskrift að nýjum hlutum vegna þessara heimildar heldur skulu hlutirnir aðeins boðnir NEFCO eða löglegum framsalshafa réttinda NEFCO í samræmi við samninga um áskriftarréttindi. Verði áskriftarréttindi nýtt fyrir C-hluti, skal áskriftarverð fyrir hvern nafnverðshlut, að teknu tilliti til ákvæða áskriftarsamningsins, vera markaðsgengi hlutabréfa í B-flokki viku áður en áskriftarréttindi eru nýtt, með 40% afslætti. Lágmarksfjöldi áskriftarréttinda í C-flokki, ef ekki nýtt að fullu, skal vera fyrir áskriftarverð eigi lægra en EUR 960.000. Verði áskriftarréttindi nýtt fyrir B-hluti, skal áskriftarverð fyrir hvern nafnverðshlut, að teknu tilliti til ákvæða áskriftarsamningsins, vera hið lægra af (i) gengi hlutabréfa viku áður en áskriftarréttindi eru nýtt, með 20% afslætti, eða (ii) meðaltal hlutabréfaverðs frá degi skráningar og hlutabréfaverðs einni viku áður en áskriftarréttindi eru nýtt. Hinir nýju skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutaftjárhækkunarinnar, sem skal fara fram án tafa. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækkuninni. “

Viðauki vegna heimildar til kaupa á eigin bréfum sbr. 14. gr. samþykktu Klappa grænna lausna hf.

„Hluthafafundur félagsins, haldinn 5. nóvember 2025, samþykkti heimild til stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti af hlutafé félagsins í B- eða C-flokki hlutabréfa sem nemur allt að 10% heildarhlutaftjár félagsins eða að hámarki 973.970 hluti, eins og heimildinni var breytt á hluthafafundi 22. desember 2025.

Kaupverð hvers hlutar í B-flokki má ekki vera hærra en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.

Kaupverð hvers hlutar í C-flokki má ekki vera lægra en sem nemur jafnvirði verðs áskriftarréttinda fyrir hluti í C-flokki, að teknu tilliti til afsláttar, sbr. gr. 5.5 í samþykktum þessum. Kaupverð má ekki vera hærra en sem nemur því hæsta af eftirfarandi þremur kostum: (a) jafnvirði hvers hlutar í B-flokki á markaði einni (1) viku fyrir kaupdag; (b) verði sem samsvarar áskriftarverði eins og það er tilgreint skv. áskriftarsamningi fyrir hluti í C-flokki í gr. 5.5 í samþykktum þessum án tillits til afsláttar; eða (c) verði sem samsvarar áskriftarverði eins og það er tilgreint skv. áskriftarsamningi fyrir hluti í C-flokki í gr. 5.5 í samþykktum þessum, að teknu tilliti til afsláttar og að viðbættum 6,00% vöxtum sem höfuðstólsfærast, reiknað frá og með 1. október 2026.

Heimildina má nýta í eitt skipti eða fleiri. Heimild þessi gildir í 5 ár frá hluthafafundardegi 5. nóvember 2025.“